

Beiðni um upplýsingar um vinnslu / aðgang að persónuupplýsingum á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Félagsmenn FÍA eiga rétt á að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar eru til á skrá hjá félaginu sem og upplýsingar um vinnslu á tilteknum upplýsingum, svo og rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Félagsmenn geta með beiðni þessari óskað eftir því að félagið láti honum í té afrit af persónuupplýsingum sem eru í vinnslu hjá félaginu.

Einnig er það réttur félagsmanna að uppfæra persónuupplýsingar sem eru rangar eða ófullkomnar og fá þeim eytt sem ekki eru málefnaleg eða lagaleg skylda til að varðveita.

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu persónuupplýsinga til að takmarka eða koma í veg fyrir vinnslu þeirra.

Félagsmenn hafa þann rétt að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyrivaldi sjá þeir ástæðu til.

Aðgangsbéiðni þessari skal skilað á skrifstofu FÍA, rafrænt eða útprentað, og skal henni svarað án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en innan mánaðar frá því að beiðnin barst félaginu. Þennan frest má þó lengja um tvo mánuði til viðbótar ef þörf er á.

Útfyllist af umsækjanda

Kennitala	Nafn
Sími	Netfang
Heimilisfang	

Vinsamlegast veitið nánari upplýsingar um umsækjanda til að auðvelda / flýta fyrir leit að upplýsingum tengist þær sambandi viðkomandi við FÍA á grundvelli neðangreinds:

- Ég er núverandi/fyrirverandi félagsmaður
 Ég er núverandi/fyrirverandi starfsmaður
 Annað:

Beiðni um eftirfarandi persónuupplýsingar (sé verið að leita að tilteknum upplýsingum vinsamlegast gerið nánari grein fyrir því hverju verið er að leita að):

Vinsamlegast sendið umsókn á netfangið fia@fia.is

Athugið að afgreiðsla beiðni getur tekið allt að mánuð. Reynist vinna við samantekt gagna sérlega umfangsmikil gæti hún tekið lengri tíma og þú verður upplýst/-ur um það innan mánaðar.

Afrit af gildum persónuskilríkjum skal fylgja umsókn.

Dagsetning	Undirskrift umsækjanda
------------	------------------------

Félög íslenskra atvinnuflugmanna • Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogur • Sími: 599 1199 • Netfang: fia@fia.is